



**163.
FUNDUR
SKÓLANEFNDAR**

24. júní 1991

Mættir voru: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Gestur Pétursson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Arnason, skólameistari. Guðjón Kristjánsson boðaði forföll.

Í upphafi fundar voru afhentar möppur til fundarmanna með lögum og reglugerðum um framhaldsskóla ásamt fundargerðum byggingarnefndar. Einnig var nýr nefndarmaður, Gestur Pétursson, formaður NFS, boðinn velkominn til starfa.

Dagskrá:

1. Skólaslit vorönn 1991
2. Innritun fyrir haustönn 1991
3. Byggingamál
4. Kennararáðningar
5. Ráðning deildarstjóra
6. Önnur mál

1. Skólaslit vorönn 1991.

Skólaslit fóru fram með hefðbundnum hætti í Grindavíkarkirkju 18. maí s.l. að viðstöddu fjölmenni. Alls brautskráðust 69 nemendur og skiptust þeir þannig eftir brautum: 1 af atvinnulífsbraut, 1 af almennri bóknámsbraut (skiptinemi), 28 af tæknisviði, 7 af 2ja ára brautum og 32 af stúdentsbrautum. Í þessum hópi var 1 úr Garði, 8 úr Grindavík, 47 úr Keflavík, 8 úr Njarðvíkum, 1 úr Reykjavík, 4 úr Sandgerði, 2 úr Vogum, 1 frá Þorlákshöfn og 1 frá Þýskalandi. Formaður spyrst fyrir um könnun sem send var nemendum 9. bekkja á svæðinu í vor um fyrirætlanir þeirra á hausti komandi. Verið er að vinna úr gögnunum og liggja niðurstöður væntanlega fyrir í haust.

2. Innritun fyrir haustönn 1991.

Innritun fyrir næstu önn lauk 6. júní. Hún gekk mjög vel og var eftirtektarvert hve margir foreldrar mættu með nýnemum. Það má m.a. þakka góðri kynningu hjá skólaráðgjöfum og einnig vel auglýstum viðtalstímum þeirra í maí og júní. Aldrei fyrr í sögu skólans hafa jafn margir sótt um skólavist og liggja nú fyrir 670 umsóknir og valblöð, þar af eru um 200 nýnemar. Þetta hefur í för með sér aukningu kennslukvóta og fjölgun kennara. Þeim sem sóttu/sækja um skólavist eftir 6. júní er ekki hægt að tryggja skólavist.

3. Byggingamál.

Framkvæmdir við nýbyggingu ganga vel og er jarðvegsframkvæmdum senn lokið. Búið er að skipa eftirlitsmenn með byggingaframkvæmdum og eru það Sigurður Ásgrímsson og Axel Nikolaison. Axel hefur beðið lausnar sem nefndarmaður í bygginganefnd vegna þessa nýja embættis og var samþykkt tillaga um Ingimund Þ. Guðnason í hans stað í nefndina. Borist hafa fréttir um að Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hafi samþykkt nýbygginguna. Einnig hefur borist bréf frá Keflavíkurbæ um niðurfellingu gatnagerðagjalda. Bílastæðismál eru enn óleyst. Sent hefur verið bréf til Sjöunda dags aðventista um not af lóð þeirra við Háleiti. Svar hefur ekki borist enn.

4. Kennararáðningar.

Enn vantar nokkrar kennara m.a. vegna auknings fjölda nemenda. Umsóknir hafa borist frá eftirtöldum:
Gerði Stefánsdóttur um líffræðikennslu
Guðnýju Arnadóttur um frönskukennslu
Unni Þórhallsdóttur um kennslu í hársnyrtigreinum
Jóni Stefánssyni um íslenskukennslu
Valgerði Guðmundsdóttur um íslenskukennslu og
Stefáni Einarssyni um efnafræðikennslu.
Skólameistari mælir með að Gerður, Guðný, Unnur, Jón og Valgerður verði ráðin.

5. Ráðningar deildarstjóra.


Lausar voru til umsóknar tvær stöður deildarstjóra. Ein umsókn barst í hvora stöðu. Björn Sturlaugsson sótti um stöðu deildarstjóra á tæknisviði og Oddný G. Harðardóttir um stöðu deildarstjóra í stærðfræði og raungreinum. Skólameistari mælir með ráðningu þeirra og skólameistari samþykkir þær.

6. Önnur mál

- a) Skólameistari leggur til við skólameistari að hún samþykki að veita 100.000 kr. til nefndarstarfa um þróunarverkefni innan FS og var það gert.
- b) Skólameistari óskaði eftir heimild frá skólameistari um að hefja framkvæmdir við endurskipulagningu kennarastofu nú í sumar og var hún veitt.
- c) Kynntar voru niðurstöður könnunar á viðhorfum nemenda til skólans. Niðurstöður reyndust jákvæðar.
- d) Kynntur var Sumarskóli FB. Námsefni einnar annar er kennt í einn mánuð að sumri til frá kl. 16-20.30. Nemendur kosta þetta að öllu leyti sjálfir. Nefndarmenn eru beðnir að velja þessu fyrir sér og málið verður tekið aftur á dagskrá síðar.
- e) Formaður spyrst fyrir um fyrirhugaða ráðstefnu með Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja n.k. haust. Haldinn verður fundur í næstu viku þar sem byrjað verður að skipuleggja málið. Formaður leggur til að sagt verði frá þessu í blöðum til að koma af stað umræðu strax.
- f) Tillaga um efnisgjald fyrir tæknisvið kr. 5.200 var samþykkt.

- g) Í framhaldi af svörum nemenda í áðurnefndri könnun um **mötuneyti nemenda** stingur Gestur upp á því að kannað verði hvort ekki mætti setja upp salatbar í mötuneytinu. Hann spyrst einnig fyrir um aukið starfsfólk í mötuneytið samfara fjölgun nemenda. Skólameistara og Gesti falið að skoða málið í sumar.
- h) Guðbjörg ræðir um **upplýsingabækling um skólann** og þykir hann ekki nógu ítarlegur miðað við slíka hjá nágrannaþjóðum okkar. Guðbjörgu falið að koma með erlendu bæklingana á næsta fund og sýna fundarmönnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið


Sigríður Jónannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari